

Fréttablað september 2018



Starfsmannamál

Eftir sumarfrí hafa orðið tilfærslur á milli deilda og eru deildirnar skipaðar á eftirfarandi hátt:

Álfaheimar: Guðríður Anna Sveinsdóttir deildarstjóri, Margrét Björg Jónsdóttir háskólamenntaður starfsmaður A, Sylwia Brulinska háskólamenntaður starfsmaður B, og Hafdís Þorgilsdóttir leiðbeinandi.

Dvergaheimar: Helena H. deildarstjóri, María Árnadóttir leikskólaliði, Hallfríður Snorradóttir leikskólakennari og Júlía Káradóttir leikskólaliði.

Hulduheimar: Ragnheiður María Hannesdóttir deildarstjóri, Sandra Björk Bjarnadóttir leikskólaliði Rannveig Júlíusdóttir iðjuþjálfari, Kim Sorning leiðbeinandi, Þóra Davíðsdóttir leiðbeinandi og Svala Ósk Sævarsdóttir leikskólaliði sinnir stuðningi.

Trölllaheimar: Ingibjörg Aðalsteinsdóttir deildarstjóri, Ásta Kr. Jensdóttir leikskólaliði, Ewa Sieminska leiðbeinandi, Kolbrún Dóra Snorradóttir háskólamenntaður starfsmaður B og Gréta María Víkingisdóttir Canada sjúkraliði sinnir stuðningi.

Ásheimar: Helena Jóhannsdóttir deildarstjóri, Jóna Svava Karlsdóttir félagsliði, Sjöfn Ísakdóttir leikskólaliði og Hólfríður Garðarsdóttir leikskólaliði.

Eldhús. Ásgeir Kristján Guðmundsson kokkur, Margrét Sigurðardóttir starfsmaður og Sesselja Sólveig Pétursdóttir matráður.

Annað starfsfólk: Dagný Erlendsdóttir leikskólastjóri, Elsa Þorgilsdóttir aðstoðarleikskólastjóri, Ásta Pálmadóttir sérkennslustjóri, Lidija Blazevicene grunnskólakennari sinnir afleysingu, Júlíana Ármannsdóttir uppeldis- og menntunarfræðingur sinnir sérkennslu. Hrafnhildur Hlín Hjartardóttir, háskólamenntaður starfsmaður A kemur úr fæðingarorlofi í september og mun þá verða starfsmaður Trölllaheima. Dís Bjarney Kristinsdóttir leiðbeinandi er í fæðingarorlofi. Í vetur verður Hafdís Þorgilsdóttir leikskólaliða námi, Júlía Káradóttir í fjarnámi í leikskólakennaranámi og Ragnheiður María í diplómanámi í sérkennslufræðum.

Aðlögun nýrra barna

Aðlögun nýrra barna hófst að loknu sumarleyfi og gengur vel. Verið er að aðlaga ný börn á Ásheima en það er nýja deildin með yngstu börnum leikskólans.

Skipulag skila

Ákveðið hefur verið að í lok dags verða Tröllla- og Hulduheimar sameinaðir á þeirra deildum til skiptis og Álfa-, Dverga- og Ásheimar sameinast á sínum deildum og er skilað þar til skiptis.

Íþróttir

Fyrsti tíminn í íþróttahúsinu er fimmtudaginn 13. sept. **Á fimmtudögum er mikilvægt að börnin séu í þægilegum fatnaði svo þau geti að mestu klætt sig sjálf í og úr fötonum.** Í íþróttahúsinu eru stöðvar sem eru eins í nokkrar vikur og á milli er frjáls tími. Á hverri stöð er mismunandi færni þjálfuð. Börnin á Ásheimum og hluti barna á Dvergaheimum munu vera í íþróttum í sal leikskólans. **Muna að koma með stuttbuxur fyrir 13. september sem verða geymdar í leikskólanum.**

Talmeinafræðingur

Signý Einarsdóttir talmeinafræðingur verður með áframhaldandi samning við leikskólann í vetur. Hún kemur tvisvar sinnum í mánuði og hittir þau börn sem þurfa á hennar aðstoð að halda. Hún veitir sérkennslustjóra ráðgjöf um áframhaldandi vinnu með hverju barni fyrir sig og vinnur með kennurum inn á deildum.

Litadagar

Litadagar verða á sínum stað í vetur en þeir eru 1. föstudag í mánuði frá september til maí. Þá mæta nemendur og kennarar í einhverju eða með eitthvað í sama lit og litadagurinn gefur til kynna. Ef það er frídagur fyrsta föstudag mánaðarsins þá fellur litadagurinn niður að undanskildum Bleikum október hann er haldinn á sama tíma um allt land. 7. september er **appelsínugulur** dagur, 12. október er **bleikur** dagur, 2. nóvember er **brúnn** dagur, 7. desember **rauður** dagur, 4. janúar er **fjólublár** dagur, 1. febrúar **grænn** dagur, 1. mars er **röndóttur** dagur og 6. apríl er **blár** dagur.

Söngstund og rugldagur

Ingibjörg og Hafdís sjá um söngstundina í vetur og verður hún með svipuðu sniði og áður með blöndu af söng þar sem setið er og hreyfilögum. Söngstundir verða í salnum á föstudögum nema þegar rugldagur er. Rugldagur er þannig að opið er á milli inn á eldri deildir en yngstu börnin munu taka þátt eins og aldur þeirra og þroski leyfir.

Matjurtagarðar

Í vor var ýmislegt sett í matjurtagarðinn og má þar nefna kartöflur, rófur og gulrætur ásamt fleiru, sem verður tekið upp fljótlega. Það að setja niður í matjurtagarðinn kemur inn á hina ýmsu námsþætti t.d. náttúru og vísindi. Það er að sjá eina kartöflu verða að mörgum, eins að sjá eitt lítil fræ verða að káli. Nemendur hafa einnig verið að týna ber af trjánum í garðinum en þar vaxa rifsber og sólber sem þau hafa verið að gæða sér á.

Samstarf

Í vetur ætlum við að vera í samstarfi við tónlistarskólann og við vonumst einnig til þess að fá Félag eldri borgara til okkar í vetur eins og undanfarin ár til þess að lesa fyrir börnin. Þá verða heimsóknir milli elstu barna leikskólans og 1. bekkjar reglulega í vetur.

Foreldrafundir

Foreldrafundir verða á öllum deildum á næstu vikum þ.e. 26. sept. verður fundur á Hulduheimum kl. 8:10, 3. október verður fundur á Trölllaheimum kl. 8:10, 10. október verður fundur á Álfheimum kl. 8:10, 17. október verður fundur á Dvergaheimum kl. 8:10 og 24. október á Ásheimum kl. 8:10. Foreldrar eru hvattir til þess að mæta á þessa fundi og fá upplýsingar um deildina og starfið í vetur.

Endurbætur

Endurbótum á elsta hluta leikskólans lauk í byrjun sumars en framkvæmdir á lóðinni hafa staðið yfir síðustu mánuði og lýkur vonandi í byrjun september. Aðalframkvæmdin í lóðinni er að girða af hluta lóðarinnar og gera sér leiksvæði fyrir yngstu börnin. Innan girðingar verða leiktæki við þeirra hæfi og öryggi þeirra betur tryggt með því að hafa þau á þessu svæði fyrst um sinn. Lautin var líka lögud í sumar þ.e. komið í veg fyrir vatnssöfnun þar í vetur. Tvær körfuboltakörfur voru settar upp, rólum fjölgað og fótoltamörk verða sett í lautina.

Eftir þessar framkvæmdir er lóðin orðin mjög fín og bíður upp á fjölbreytta leiki og gefur börnunum tækifæri til að efla hreyfiproska sinn.

Skemmdarverk

Því miður hafa skemmdarverk verið tíð í sumar á leiktækjunum og gróðri hjá okkur og eins á vinnuvélum sem notaðar voru við framkvæmdir. Viljum við biðja ykkur kær foreldra um að ræða við börn ykkar, sem eru hér að leik eftir að leikskólinn lokar á daginn, og biðja þau um að gæta þess að fara vel með leiktækin og aðra hluti í kringum leikskólann.

Vika 2.-8. september

7. sept. appelsínugulur litadagur.
7. sept. söngstund
8. sept. dagur læsis

Vika 9.-15. september

13. sept. fyrsti íþróttatíminn, muna eftir þægilegum fatnaði og stuttbuxum.
14. sept. rugldagur

Vikan 16.-22. september

16. sept. dagur íslenskrar náttúru.
20. sept. íþróttir í íþróttahúsinu, muna eftir þægilegum fatnaði
21. sept söngstund.

Vika 23.-29. september

26. sept. evrópski tungumáladagurinn
26. sept. foreldrafundur á Trölllaheimum kl. 8.10
27. sept. íþróttir í íþróttahúsinu, muna eftir þægilegum fatnaði
28. sept. söngstund

Með kveðju
Elsa aðstoðarleikskólastjóri